

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

HAFNARGÖTU 44 , 710 SEYÐISFIRÐI SÍMI:472-1596 NETFANG: tekmus@sfk.is

(endurrit úr fundagerðabók TA)

Stjórnarfundur 28. desember 2009

Mættir eru: Cecil Haraldsson, Pétur Kristjánsson, Hjörtur Harðarson, Sigurður O. Sigurðarson, Björn Hansson og Þorkell Helgason. Daníel Nielsson hefur boðið forföll. Helgi Örn Pétursson situr fund fyrir hönd starfsfólks.

Cecil setur fund kl. 15:20

1. Ársskýrsla fyrir árið 2009 kynnt. (vinnueintak) Pétur fer yfir helstu þætti skýrslunnar, sem lúta að verkefnum og rannsóknavinnu, aðföngum, skráningu og tæknivinnu.
2. Ársreikningar 2008. Fram kom hjá Pétri að rekstrarafgangur safnsins af starfsemi safnsins er kr. 4.409.337.- Við stjórnarmenn erum hæstánægðir með að eiga rekstrarafgang og hrósum Pétri fyrir góða fjármálastjórn á þessum síðustu og verstu tímum. Fundarmenn samþykkja framlagða reikninga með undirskrift sinni.
3. Staða verkefna og fjármála 2009. Sennilega verður u.þ.b. 2 milljóna kr. rekstrarafgangur fyrir þetta ár. Mikill niðurskurður hefur verið á framlögum ríkisins til safna og verður líklega svo áfram.
4. (með 5. lið)
5. Framkvæmdaáætlun 2010 og Fjárhagsáætlun 2010-11. Pétur kynnir áætlanirnar og hvernig verði unnið að þeim. Árný Bergsdóttir verður hlutastarfsmaður við safnið og tengiliður við skrifstofu Miðstöðvar menningarfræða. Einnig mun Sandra Jónsdóttir vinna við myndvinnslu og skráningu. Samtals er gert ráð fyrir að restraráætlun geri lækkað úr 28. millj. í ca. 20. þannig að útlitið er ekkert sérstaklega bjart. Það verður reynt að hagræða eftir föngum og takmarka yfivinnu. Vegna almenns ástands í þjóðfélagin eru margt fremur óljóst og ekki allt fast í hendi. Því er ljóst að ræða þarf þessar áætlanir safnsins betur þegar liggur ljóst fyrir hvaða fjárframlög fást. Því er nauðsynlegt að ræða liði 4.-5. betur þegar málin skýrast.
6. Önnur mál. Rætt um ýmis minni mál sem lúta að starfsemi safnsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

(undirritað)

Cecil Haraldsson, Þorkell Helgason, Sigurður O. Sigurðsson, Hjörtur Harðarson, Björn Hansson, Pétur Kristjánsson, Helgi Örn Pétursson.

Vagga



TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

Hafnargötu 44, 710 Seyðisfirði sími:472-1596 fax:472-1567 tekmus@sfk.is